

## ÍM SHOTOKAN

## ÍM Í KUMITE


### Shotokan mótið '94

Shotokan meistaramót Íslands 1994 var haldið í Hafnarfirði, laugardaginn 19. nóvember.

Mótið gekk mjög vel fyrir sig og tímamörk stóðust nokkurn veginn. Alls var 81 þátttakandi skráður. Sérstök áhersla var lögð á yngstu keppendurna og fengu allir sigurvegar gjafabikar í viðbót við medalíurnar. Var það sérstök ánægja fyrir áhorfendur að sjá gleðina skína úr andliti þeirra er þeir tóku við bikurunum.

Í liðakeppninni voru það nýherjar er hrepptu gullið, það er að segja að þrír landliðsmenn frá Þórshamri ákváðu að keppa undir sérkennilegu nafni í stað Þórshamars. Þeir Hjalti, Gunnir og Jón Ingi kepptu undir nafninu Jarðýturnar.

Í liðakeppni í Kata kvenna var það A-lið Þórshamars með hinni þrautseigu Ingu í broddi fylkingar og með henni voru þær Edda Lilja og Eydís. (Sjá framhald á síðu 3).



Þórshamar vinnur KFR á ÍM í Kumite

### Sensei KAWASOE kemur í lok janúar

Staðfest er nú að sensei Kawasoe 7. Dan komi til Íslands síðustu helgina í janúar næstkomandi.

Sensei Kawasoe er tæknilegur yfirþjálfari okkar Íslendinga í Shotokan Karate og

erum við mjög heppin þar sem hann er líklega einn besti tæknilegi þjálfari heims.

Hann er sérstaklega þekktur fyrir sína yfirburða líkamsbeitingu er hann gerir grunntækni.

### Innihald

- 1 Sensei Kawasoe kemur
- 2 Shotokan meistaramótið
- 3 Nýjar gráðunarkröfur
- 4 Norðurlandameistaramótið
- 5 Íslandsmótið í kumite

### Veldi KFR í kumite fallið frá

Að lokum náðist að sigra KFR í kumite.

KAI (Karate Samband Íslands) var stofnað árið 1985 og alla tíð síðan hefur KFR haft mikla yfirburði í kumite. Það má segja að þeir hafi átt þessa grein síðan karate hófst á Íslandi fyrir um tuttugu árum síðan.

Að þessu sinni voru það Þórshamars-menn sem "áttu" mótið, en þeir fengu 6 gull af 9 mögulegum. KFR fékk 2 og Haukar 1 gullverðlaun.

Liðakeppnin var sérstaklega spennandi enda höfðu þórshamarsmenn vel í minni er þeir töpuðu gullinu árið áður á síðustu sekúndunum. Ekki var það síður spennandi að B-lið Þórshamars náði næstum því að sigra A-lið Þórshamars. B-liðið var yfir þegar síðasti bardaginn hófst. Voru það þeir Hinrik fyrir B-liðið og Jón Ingi fyrir A-liðið er mættust og það var sönn ánægja að sjá þessa hraustu Karateka. Yfirburðasigur Jóns tryggði A-liðinu sigur.

(framhad: Shotokanmótið)  
Vert er að nefna að ef B-liðið hefði sigrað, hefði KFR líklega orðið Íslandsmeistarar. En eins og fyrr sagði þá var hápunktur mótsins er A-liðið Þórshamars mætti KFR liðinu. KFR-liðið var allt skipað gömlum landsliðsjálkum er höfðu flestir yfir 10 ára alþjóðlega reynslu. Þar voru Ólafur Hreins, Grétar, Halldór, Gunni og Konni. Þórshamarsliðið var fyrir utan Helga skipað frekar fersku blóði í landsliðs-samhengi (kumite), en þar voru Hjalti, Karl Viggó, Gunni Júl., Jón Ingi ásamt fyrirliðanum Ásmundi Ísak.

Nú hefur Shotokan einnig fengið stjórnmeðal kvenna og líklegan arftaka drottningarinnar Jóninu Olesen frá KFR, það er hún Edda Blöndal er vann tvöfaldan sigur í bæði Shobu Sambon og Shobu Ippon.

Dómgæsla gekk frekar slysa-laust fyrir sig, en mót eru sjaldan haldin án vandamála varðandi hana. Dómarar mótsins voru sensei Wallevik, Karl Gauti, Ólafur Hreins, Bjarni ásamt Sólva og Finna.

Shotokan blaðið er málgað Shotokan Karate Sambands Íslands.

Tilgangur þess er að miðla meðlimum sambandsins nýjustu fréttum úr Karate heiminum og þá aðallega hvað varðar Shotokan Karate.

Ritstjóri Shotokan blaðsins er Jón Ingi Þorvaldsson

## Fréttaskot


### Haukar stækka sinn DOJO

Sambandið óskar Haukunum til hamingju með stækkunina, en nú hentar salurinn virkilega vel fyrir Karate.

Sensei Kawasoe sparkar Uschiro Geri á sensei Ken Hassell

### Jólamót sambandsins

Mótið var haldið í Þórshamri 30. desember. Nánari umfjöllun af mótinu verður í næsta tölublaði



### Ken Hassell

Sensei Ken Hassell kom til Íslands í byrjun september síðastliðinn og miðlaði landanum af þekkingu sinni. Haldnar voru æfingabúðir í nýstækkuðum sal Haukana í Hafnarfirði.

Það var gleðilegt fyrir þátttakendur búðanna að sjá sensei Ken og þar mönnum saman um að aldrei hefðu þeir séð handtækni hans svo sterka (en sensei Ken er aðallega þekktur fyrir sína afburða fótalipurð).

### Haukar

Sensei Jan Spartzek heimsótti Hauka tvisvar á árinu '94. Fyrst kom hann í sumarleyfi í tvær vikur í júní og svo aftur í september í þrjár vikur til að undirbúa Haukana fyrir Íslandsmótið í Kumite.

Sensei Wallevik sagði að það væri sönn ánægja og gefandi að æfa hjá honum. Þekking hans er mjög mikil og fáir þjálfarar undirbúa sig eins vel fyrir æfingar eins og hann.

#### Nýasta nýtt, á síðustu mínótu:

- Haldið var jólamót sambandsins þann 28 desember síðastliðinn og var það í harðasta lagi. Sjá nánar í næsta blaði.
- Haukar hjédu félagsmót þann 16 janúar í ár og voru um fimmtíu þátttakendur skráðir, vel gert.
- Skagamenn urðu að fresta sínu móti vegna komu sensei. en það verður líklega haldið í febrúar.

## Gráðun

Nýjar gráðunarkröfur koma á næstunni.

Áætlað er að nýju gráðunarkröfurnar komi út í bundnu formi í febrúar í ár. Ástæðan fyrir nýjum kröfum eru aðlögun að hinu

alþjóðlega gráðunarkerfi. Hingað til hafa gilt sömu kröfur á Íslandi og í Noregi (en þeir breyttu sínum fyrir tæpum tveimur árum).

Aðalbreytingin er að nú eru færri og einfaldari tæknir en áður, en að sama skapi verður að framkvæma hverja tækni betur.

Einnig verður nýtt fyrirkomulag fyrir börn, þar sem tekin verður hálf gráða í einu. Unglingar yngri en 16 ára, er hafa 3 til 1 kyu bera brúnt belti er hefur hvíta rönd á köntunum eftir endilöngu beltinu.

### Swedish Open

Við óskum Hjalta Ólafssyni innilega til hamingju með silfur í opna flokknum og brons í + 80 kg flokknum á Opna sænska meistaramótinu er haldið var í Stokkhólmi í byrjun september

## Shotokan mótið '94

(framhald frá síðu 1.)

Hópkata kvenna	
Sæti:	Nafn:
1	Þórshamar Ó-lið
2	Þórshamar C-lið
3	Þórshamar G-lið

Og það voru sigurvegararnir í liðakeppninni sem skiptu með sér fyrstu þremur sætunum.

Kata kvenna:	
Sæti:	Nafn:
1	Ingibjörg Júlíusdóttir
2	Edda Blöndal
3	Eydís Lindal

Í kumite kvenna voru það tvær úr Ó-liðinu er fengu fyrstu tvö sætin ásamt mjög efnilægum unglingi í þriðja sæti, henni Sólveigu Kristu.

Kumite kvenna	
Sæti	Nafn:
1	Árni Ibsen
2	Lára Kristjánsdóttir
3	Þór Haukell

Liðakeppnin í Kata karla var unnin af A-liði Þórshamars með fyrirliða félagins, honum Ísak í broddi fylkingar. Vert er að nefna að mjög efnilegt lið frá skaganum varð í 3. sæti.

Nú til gamans má nefna að eitt liðið féll frá vegna þess að einn keppandinn fór að kaupa kók (það má segja að kók skapi stóran sess í lífi margra).

Hópkata karla:	
Sæti:	Nafn:
1	Þórshamar A-lið
2	Þórshamar B-lið
3	Kþ. Akranes

**Eymundsson**  
*Óskar öllum landsmönnum  
 til lands og sjávar  
 gleðilegs nýs árs og  
 þakkar viðskiptin á því liðna*

**Bókaverslanir Eymundssonar**  
 í Kringlunni, Borgarkringlunni  
 Laugarvegi, Austurstræti og Mjóddinni

Í einstaklings Kata vann Ísak örugglega en á eftir fylgdu Helgi og Kristján litli (ja nú er ekki hægt að kalla hann litla lengur hann er orðin svo stór). En jafnt var á milli þeirra.

Kata opinn flokkur:	
Sæti:	Nafn:
1	Ásmundur Ísak Jónsson
2	Helgi Jóhannesson
3	Kristján Guðjónsson

Það voru þungu kapparnir Hjalti og Gunni sem börðust um gullið í Kumite og hafði sá fyrrnefndi betur í viðureigninni. Og ekki má gleyma þeim unga afreksmanni er fornaði öllu til að fá að keppa á norðurlandameistaramótinu, jafnvel hárinu. Það er hann Ólafur Nielsen sem þurfti að léttast um tæp tíu kíló á einum mánuði. Hvað gerir maður ekki fyrir Ísland. Haldi hann svona áfram á hann mikla framtíð fyrir sér í Karate.

Kumite karla	
Sæti:	Nafn:
1	Hjalti Ólafsson
2	Gunnar Júlíusson
3	Ólafur Nielsen

Í liðakeppninni í Kumite karla var hart barist á milli fyrrnefndu jarðytanna og A-liðs Þórshamars, en þar áttust við gömlu reyndu kapparnir á móti helmingnum af A landsliði Íslands. Í A-liðinu voru þeir Ísak, Helgi og hinn þrautseigi Tryggvi, sem aldrei gefst upp. En eins og gefur að skilja er erfitt að standa á móti jarðytum.

Kumite - liðakeppni	
Sæti:	Nafn:
1	Jarðytturnar
2	Þórshamar A-lið
3	Þórshamar D-lið

Það setti svolitinn skugga á mótið að Haukar ákváðu að sitja hjá, vegna deilna við framkvæmastjóra Þórshamars.

Við óskum þessum hughraustu keppendum til hamingju með árangurinn, en þeir sem þar unnu til gullverðlauna geta með réttu kallað sig Íslandsmeistara í Shotokan Karate.

## Unglinga-meistaramótið

S amdægurs Íslandsmeistaramótinu var unglíngameistaramótið í Shotokan Karate 1994 haldið. Þessi mót eru aðskilin lagalega samkvæmt lögum sambandsins þar sem sigurvegarar í flokkunum fyrir 16 ára og yngri geta ekki kallað sig Íslandsmeistara, heldur heita þeir unglíngameistarar Íslands. En nóg um formlegheit. Úrslitin urðu sem hér segir:

Kata barna 9 ára og yngri:	
Sæti	Nafn:
1	Árni Ibsen
2	Lára Kristjánsdóttir
3	Þór Haukell

Kata unglíngna 10-12 ára:	
Sæti:	Nafn:
1	Erlingur Þ. Tryggvason
2	Steinn Sigurðarson
3	Sævar Víðalín

Kata 13-16 ára:	
Sæti:	Nafn:
1	Kristján Guðjónsson
2	Hrafn Ásgeirsson
3	Ari Tómasson

Hópkata unglíngna	
Sæti:	Nafn:
1	Kþ. Akranes
2	Þórshamar C-lið
3	Þórshamar Z-lið

Kumite unglíngna 10-12 ára:	
Sæti:	Nafn:
1	Erlingur Þór Tryggvason
2	Davíð Róbertsson
3	Steinn Sigurðarson

Kumite 13-16 ára:	
Sæti:	Nafn:
1	Kristján Guðjónsson
2	Michael Madsen
3	Helgi Valdimarsson

Einnig var keppt í tveimur öðrum flokkum eða Kata og Kumite karla 8. - 4 kyu. Þar bar skagamaðurinn Michael Madsen sigur úr bítum í kata og nýliðinn í landsliði Íslands, Ólafur Nielsen, varð sigurvegarinn í Kumite.

## Ísland sigraði Finna á NM

á noðurlandameistaramótinu þann 30. október síðastliðinn. Um það bil mánuði seinna lenda Finnar í þriðja sæti í liðakeppninni á heimsmeistaramótinu í Malasíu.

Þetta var í fyrsta sinn sem íslenskt lið sigrar norðurlandþjóð í liðakeppni. Tvisvar höfum verið við nærri því. Fyrst í Svíþjóð árið 1984, aðeins skömmu eftir að Svíar urðu í öðru sæti á heimsmeistaramótinu í Hollandi. Þá voru kepptar þrjár umferðir og unnu við Íslendingar þá fyrstu 3-2 og Svíar þá næstu, einnig 3-2. Síðustu og afgerandi umferðina unnu Svíar 4-1 og aðeins vegna þess að dómaramir sem voru sænskir gerðu hroðalegar "glórur". "Silfurhafarnir úr HM gátu ekki tapað fyrir eylendingum úr ballarhafi".

Einnig munaði mjóu er NM var haldið hér á landi í fyrsta sinn árið 1985. Þá lentu Íslendingar og Norðmenn saman og var það svo spennandi að þakið ætlaði að fjúka af Laugardalshöllinni. En því miður höluðu Norðmenn inn sigurinn í lokin 3-2. Sýnt var frá viðureigninni þrisvar og þá fyrst eftir fréttir sama kvöld.

Halldór Svavarsson úr KFR hreppti sin önnur NM silfurverðlaun á mótinu. Í úrslitunum mætti hann heimsmeistarann Stein Rönnung sem hefur farið sigurför um heiminn frá því að hann varð fyrsti Evrópu-meistari fyrir Noreg árið 1985. Á leið sinni að úrslitaviðureigninni varð hann m.a. að sigra Finna sem varð síðan í þriðja sæti á HM mánuði síðar. En vert er að geta þess að Halldór fór í úrslitaviðureignina með brotna hendi (það hefur örugglega haft áhrif á úrslitaviðureignina, en ef maður þekkir Halldór rétt þá er mölbrotin hendi bara smámunir).

Ásmundur Ísak gerði það einnig gott á NM er hann hreppti þriðja sætið í Kata. Enginn möguleiki var fyrir hann að jafnast á við Paul Kee en hann varð öruggur sigurvegari og hlaut þar með sinn tíunda NM titil. Þriðju og síðustu medalíu okkar Íslendinga á mótinu hlaut Karl Viggó Vigfússon er hann náði þriðja sætinu á móti aldursforseta mótsins, hinum þrautseiga Konráði Stefánssyni.

## Ísland "sigraði" næstum því NM

Litlu munaði að Íslendingar yrðu norðurlandameistararnir 94 í liðakeppninni.

Við hefðum aðeins þurft að sigra einn andstæðing á móti Svíum.

Íslendingar byrjuðu á að sigra Finna eins og fyrr er frá greint. Því næst mættu þeir Svíum en vegna ýmissa ástæðna ákváðu þeir að keppa aðeins með þrjá keppendur af fimm. Með öðrum orðum Íslendingar höfðu þegar tvo sigra er viðureignin hófst. Svíar byrjuðu á að vinna fyrstu tvær viðureignirnar. Svo mætti silfurhafinn okkar frá opna sænska í ár, hann Hjalti litlum Svía og margir héldu að þar yrðum við NM meistarar. En þessi litli Svíi "fætaði" furðulega og það gerði Hjalta mjög erfitt fyrir. Að lokum, eftir mjög spennandi viðureign dró Svíinn sigurinn í land. Það sama var á teningnum er við kepptum á móti Norðmönnum, nema þá var það Jón Ingi er gerði stórkostlegan "fæt" á móti mann mótsins á opna sænska, Jarle Sorken og það munaði aðeins fimmtán sekúndum að við yrðum í öðru sæti.

*Vert er að nefna að þó Norðmenn og Svíar hefðu bara þrjá keppendur hvor, þá var hver og einn þeirra alþjóðlegur keppandi sem allir áttu möguleika á verðlaunasæti á HM mánuði seinna. Einnig að við gátum ekki valið þá þrjá af fimm keppendum er skyldu keppa.*

## Wallevik hættir sem landsliðsþjálfari

Eftir fjögur ár sem landliðsþjálfari hefur Ólafur Wallevik ákveðið að hætta um sinn.

"Það er kominn tími fyrir nýjan hugsunarhátt, nýjar hugmyndir. Þannig lagað, hef ég ekki vantrú á sjálfum mér sem áframhaldandi þjálfara landsliðs, þvert á móti held ég að ég hafi tiltrú þeirra flestra sem eru í landliðshóp í dag. Ég held að liðið hafi aldrei áður haft eins mikla breidd og möguleika til að ná árangri alþjóðlega sem nú". Segir landliðsþjálfarinn við Shotokan blaðið.

En hvað vill hann þá með því að hætta? "Síðustu árin höfum við náð langt, en viljum lengra. Og næsta skrefið er öðruvísi andleg uppbygging, og þar kemur sálfræðin til skjalanna. Keppendurnir þurfa að fá nýjan þjálfara sem er allt öðruvísi en ég varðandi andlegan undirbúning fyrir og á mótum. Helst vildi ég fá einhvern hrokafullan og sjálfelskan þjálfara sem gerir "allt" til að vinna."

En hver gæti það verið? "Kannski Pinda frá Frakklandi eða Vic Charles frá Englandi? Ég veit það ekki! Það koma raunverulega margir til greina, við höfum bara ekki efni á þeim. Þar er einn sem kemur sterklega til greina að mínu mati og það er HM meistarinn Stein Rönnung. Að visu er hann ekki hrokafullur eða nógu sjálfelskur, en hann er ákveðinn og kann virkilega listina að vinna."

Á opna Danska meistaramótinu er haldið var í maí síðastliðnum fengu Karl Viggó Vigfússon og Halldór Svavarsson báðir þriðja sætið í sínum flokki.

Tveir "grænjaxlar" í keppnis-samhengi þau Edda Blöndal og Ólafur Nielsen voru einnig naumlega frá því að hreppa silfur en urðu að láta sér nægja fimmtu sætin.

Þeirra biður mikil framíð.